

2. stjórnarfundur HSV starfsárið 2015-2016. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, miðvikudaginn 19. ágúst kl. 16.15

Mættir eru: Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Ingi Björn Guðnason, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Jóhann Króknes Torfason, Salome Elín Ingólfsdóttir yfirþjálfari íþróttaskóla og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu Birna Jónasdóttir og Sigurður Erlingsson.

Dagskrá:

1. Úthlutun íbúða til aðildarféлага HSV
 2. Íþróttaskólinn
 3. Hreyfivika
 4. Vallarhúsið
 5. Önnur mál
1. Úthlutun íbúða til aðildarféлага HSV. Framkvæmdastjóri kynnir stöðu íbúðarmála. Hvaða félög hafa sótt um og hvaða íbúðir eru lausar. Fastís hefur nú innkallað aðra íbúð í Múlalandi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið og raða í íbúðir í samvinnu við félögin.
 2. Íþróttaskólinn. Salome fer yfir hvernig skipulag íþróttaskólans lítur út fyrir veturinn. Nú er verið að ganga frá samningum við Grétar Eiríksson handboltaþjálfara hjá Herði um að leysa Saló af fram í mars 2016. Einnig verði ráðinn aðstoðarþjálfari með honum sem tæki þá einnig þá tíma sem Grétar nær ekki að sinna. Tímum mun fjölga í skólanum í vetur vegna breytts kynjahlutfalls og auknum fjölda í sumum árgöngum. Rætt um að fara yfir fjárhagsáætlun til að athuga hvort hækka þurfi gjaldið í skólann til að mæta auknum útgjöldum. Framkvæmdastjóra og yfirþjálfara falið að skoða málið og kynna fyrir stjórn á næsta fundi.
 3. Hreyfivikan. Formaður kynnir hreyfivikuna sem er samevrópskt verkefni sem UMFÍ stendur fyrir í lok september. Ýmsar hugmyndir ræddar meðal annars að setja upp Frolf völl, uppákomur inn í íþróttaskólann og virkja starfsmannafélög. Einnig að fá íþróttafélögin í bænum með í dagskrá. Formaður og framkvæmdastjóri vinna málið áfram. Salóme yfirgefur fundinn.
 4. Vallarhúsið. Framkvæmdastjóri leggur fram tilkynningu frá Margréti Halldórsdóttur sviðstjóra skóla og tómsundamála hjá Ísafjarðarbæ þar sem fram kemur að ekki hefur fundist hentugt húsnæði undir lyftingartæki þau sem eru á efri hæð vallarhússins. Fram kom á formannafundi þann 18. mars síðasliðinn að félögin væru tilbúin í að Vallarhúsi yrði breytt í félagsaðstöðu ef annað húsnæði fengist undir lyftingaraðstöðuna. Nú er ljóst að ekki er neitt í boði hjá Ísafjarðarbæ. Framkvæmdastjóra falið að kanna hvaða kostir eru í stöðunni með tilliti til þarfa íþróttafélaga á félagsaðstöðu og lyftingaraðstöðu ásamt umgengisreglum um slíkt húsnæði.
 5. Önnur mál:
 6. Gisting í félagsmiðstöðum. Hildur ræðir um að ekki sé hægt að fá gistingu í skólum eða félagsmiðstöð í Ísafjarðarbæ líkt og er í flestum öðrum sveitarfélögum. Þarna sé ákveðin innkoma sem gæti nýst félagsmiðstöðinni auk hagræðis sem það skapar fyrir íþróttafélög á ferðalögum. Stjórn felur framkvæmdastjóra fá upplýsingar hjá Ísafjarðarbæ varðandi gistimöguleika í húsnæði bæjarins.
 7. Lyfjamál: Borist hefur tilkynning frá Kraftlyftingasambandi Íslands þar sem kynnt er niðurstaða í áfrýjunarmáli sem iðkandi innan raða HSV höfðaði vegna lyfjabanns. Lyfjabann var staðfest. Stjórn ákveður að setja málið á dagskrá næsta stjórnarfundar.